

**142** borgun eigi fyrir skrifföng til rjettargjörða og eptirrita af ýmsu tagi, og hver eigi að  
2. sept. kosta embættisbækur þær, sem með þarf — hafið þjer, herra amtmaður, um leið og þjer lögðuð málið undir úrskurð minn tekið fram,

1, að með því að lög um laun sýslumanna og bæjarfógeta dags. 14. des. f. á hafi öðlast gildi hinn 6. júním. þ. á. virðist eiga að álíta, að þau hafi verið í gildi allan þann dag, og að þær aukatekjur, er þann dag fjellu til borgunar þess vegna eigi að renna í landssjóð,

2, að þar eð gjald það, sem um sje rætt í 68. gr. aukatekjureglugjörðarinnar megi álitast að vera borgun fyrir sjerstakleg ómök við skipti, eða endurgjald kostnaðar, er þau hafa í för með sjer, virðist eigi ástæða til að telja það með aukatekjum, eða geta þess í aukatekjubókinni,

3, að kostnaður til skriffæra og embættisbóka, virðist eiga að teljast með skrifstofukostnaði þeim, er sýslumenn ekki hafa rjett til að heimta endurgjald fyrir.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að jeg er yður alveg samdóma um það, sem þjer þannig hafið sagt.

**143** — *Brjef landshöfðingja til biskups um uppbót á fátækum prestaköllum.*  
14. sept.

— Í heiðruðu brjefi frá 12. þ. m. hafið þjer herra biskup skýrt frá, að af þeim 4000 kr., sem í 13. gr. fjárlaganna A. b. 1. eru veittar til uppbótar fátækustu brauðum hjer á landi, og sem jeg útbýtti með brjefi frá 30. jan. þ. á., sjeu enn eptir 600 kr., þar eð 2 prestaköll Ás í Skaptártungu og Mývatnsping hafa ekki verið veitt fyrir 31. ágúst þ. á., og hafið þjer komið með uppástungu um skiptingu á þessum 600 kr. Út af þessu skal hjer með tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum, að jeg samþykki hjer með, að af nefndri upphæð sje neðannefndum brauðum greidd uppbót fyrir yfirstandandi ár.

1. Presthólum með skilyrðum þeim, sem tiltekin eru í brjefi yðar frá 14. þ. m.	100 kr.
2. Stóruvöllum . . . . .	50 —
3. Stað í Grunnavík . . . . .	100 —
4. Skinnastað . . . . .	100 —
5. Knappstöðum í Skagafjarðar prófastsdæmi . . . . .	50 —
6. Hvammi — — — — —	50 —
7. Stöð í Suður-Múla-prófastsdæmi . . . . .	50 —
8. Mývatnsping . . . . .	100 —
	<hr/> alls 600 —

**144** — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um*  
17. sept. skipting Álptaneshrepps. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 30. f. m. hafið þjer, herra amtmaður sent mjer álit sýslunefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu um bænarskrá, er hingað hafði verið send, og þar sem hreppsnefndin í Álptaneshrepp fer þess á leit, að nefndum hreppi verði skipt í 3 sveitarfjelög, þar að auki fylgdi brjefi yðar eptirrit eptir fundabók hreppsnefndarinnar, um almennan hreppafund, er haldinn var 22. febrúar þ. á. að tilhlutum hlutaðeigandi sýslumanns, og stjórnaði hreppsnefndin fundinum, og er þar farið fram á hina áminstu skipting hreppsins í 3 sveitarfjelög, en til vara er beðið um að skipta honum í tvö sveitarfjelög, og hefir bæði sýslunefndin og þjer, herra amtmaður, aðhyllt hina framkomnu varauppástungu, að Álptaneshreppi verði skipt í 2 hreppa, þannig að Bessastaðasókn og Garðasókn verði hvor um sig einn hreppur.